

# Fundur NOS

haldinn í Versölum í Ölfusi fimmtudaginn 20.maí 2021 kl. 10:30

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Árni Eiríksson, Elliði Vignisson, Sýlvía Karen Heimisdóttir og Eydís Indriðadóttir. Auk þess kom inn á fundinn Ragnheiður Hergeirsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna og Ellý Alda Þorsteinsdóttir

Dagskrá:

1. Ráðning nýs forstöðumanns SVÁ
2. Kynning á endurskoðuðum reglum um:
  - a: Stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur.
  - b: Félagslegt leiguhúsnæði.
3. Kynntar endurbætur á heimasíðu SVÁ
4. Kynning á endurskoðun verkferla SVÁ
5. Almenn um starfsemina.

## 1. Ráðning nýs forstöðumanns SVÁ

Stjórn NOS fór yfir þær fimm umsóknir sem bárust og öll gögn í ráðningarferlinu. Stjórn fól Aldísi, Elliða og Jóni á fundi hinn 14. apríl 2021 að stýra ráðningarferlinu og var Hagvangur valinn til að aðstoða við auglýsingu á starfinu og mat á umsækjendum. Fjórar umsóknir stóðust hæfnikröfur miðað við það sem lagt var upp með í auglýsingu og voru þeir aðilar teknir í viðtal. Niðurstaða viðtalanna var sú að 3 umsækjendur voru teknir í annað viðtal. Á fundinum fór Geirlaug ráðgjafi Hagvangs yfir ráðningarferlið og lagði fram greinargerð og mat á þessum þremur umsækjendum sem fóru í seinna viðtal. Stjórn NOS taldi í ljósi þeirra umsókna, gagna og greinargerðar sem lágu frammi á fundinum að Melkorku Jónsdóttur væri hæfust af umsækjendum og samþykkti stjórnin að henni verði boðið starf forstöðumanns SVÁ. Stjórn NOS vill þakka öllum umsækjendum fyrir góðar umsóknir og áhuga á að gegna þessu starfi.

## 2. Kynning á endurskoðuðum reglum um:

- a. Stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur
- b. Félagslegt leiguhúsnæði

Ragnheiður og Ellý Alda Þorsteinsdóttir fóru yfir og kynntu endurskoðun á reglum varðandi stuðningsþjónustu og félagslegt húsnæði. Mikil vinna hefur farið í að yfirfara reglurnar og uppfæra þær í takt við þau lög og reglur sem breyst hafa. Glærur með kynningu þeirra fylgir með fundargerð. Reglurnar verða lagðar fyrir skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna í næstu viku og í framhaldi sendar til sveitarstjórna til samþykktar.

### **3. Kynntar endurbætur á heimasíðu SVÁ**

Unnið hefur verið að endurbótum á heimasíðu SVÁ, <https://arnesthing.is/>. Ragnheiður fór yfir það sem búið er að fara yfir og bæta. Eitthvað á eftir að vinna í síðunni og verður það gert á næstu vikum. Ritari þjónustunnar heldur utan um heimasíðuna og mun halda henni lifandi og með uppfærðum gögnum.

### **4. Kynning á endurskoðun verkferla SVÁ**

Unnið er að endurskoðun verkferla þjónustunnar og kynnti Ragnheiður þá vinnu.

### **5. Almenn um starfsemina**

Umsóknarfrestur um stöðu sálfræðings rennur út í dag. Engin umsókn hefur borist. Komi engar umsóknir er Ragnheiði falið að semja við verktaka sem hefur sinnt sálfræðiþjónustu um áframhaldandi vinnu.

Ragnheiður mun láta af störfum sem forstöðumaður um miðjan júní og er þetta því hennar síðast fundur með nefndinni. Nefndin vill koma á framfæri kærum þökkum til Ragnheiðar fyrir hennar góða starf og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.

Ragnheiður vill kom á framfæri góðum þökkum til nefndarinnar fyrir gott samstarf.

### **6. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30

Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari